



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 2. október 2023
23052152/005.05 SK

23052152 Fyrirspurn Elvars Bjarka Helgasonar um stöðu menningarstofnananna

Staðan 24. maí 2024

SALURINN

Starfshópur Salarins er að störfum um þessar mundir og hefur hist tvisvar. Starfshópurinn stefnir að því að kynna niðurstöður sínar fyrir lista- og menningarráði miðvikudaginn 19. júní og boðar fljótlega til þess fundar. Anna Jóna Dungal hefur verið ráðin tímabundið sem verkefnastjóri Salarins.

BÓKASAFN OG NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Opnunarathöfn fór fram með miklum glæsibrag og óhætt að segja að rýmið hafi heppnast mjög vel. Sýning Náttúrufræðistofu mun þróast áfram og býður upp á meiri dýpt þegar fram í sækir, en áður en það getur gerst þarf að gaumgæfa vel að skráningu muna. Vel tókst til með kynningar á opunarviðburðinum og fjölmiðlar gerðu þessum stóra menningarviðburði í lífi Kópavogsbúa góð skil.

BÓKASAFN

Vegna framkvæmda í Bókasafninu hefur tafist að setja upp sjálfsafgreiðsluvélarnar. Sú fyrsta fór upp á 1. hæð þegar endurnýjuð barnadeild safnsins var opnuð 11. maí sl. Hinar þrjár (tvær á 2. hæð og ein á Lindasafn) fara líklega upp í 21. viku. Þegar þær eru allar komnar upp verður farið í það að koma bókaþöfnun upp í Vallarkór. Ástæðan fyrir seinkun á uppsetningu bókaþöfnunar er sú að forstöðumaður upplýsingatæknisviðs taldi rétt að setja fyrst upp sjálfsafgreiðsluvélarnar og síðan bókaþöfnun.

HÉRAÐSSKJALASAFN

Ekki verður fjallað um stöðu þess hér þar sem bæjarritari hefur tekið yfir stjórn þess.

**Staðan 22. apríl 2024**

Að beiðni bæjarráðs átti forstöðumaður menningarmála fund með fulltrúum úr stjórn Sögufélags Kópavogs föstudaginn 19. apríl. Á fundinum var rætt um hvernig hægt væri að viðhalda starfsemi Sögufélagsins og voru nokkrar leiðir nefndar án þess þó að nokkuð væri fastsett. Stefnt er að því að sömu aðilar hittist í maí en þá ættu línurnar varðandi einkasöfnin að hafa skýrst frekar.

SALURINN

Bæjarstjóri vinnur að skipan starfshóps fyrir Salinn. Auglýst var eftir tímabundnum verkefnastjóra við Salinn þar sem einn af þremur starfsmönnum Salarins gegnir núna starfi forstöðumanns og veikindi komu upp hjá öðrum starfsmanni hans.

BÓKASAFN OG NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Verklegar framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun og stefnt er að opnun 11.maí.

HÉRAÐSSKJALASAFN

Staðan er óbreytt.

Staðan 22. mars 2024**SALURINN**

Eins og fram kom í tölvupósti frá bæjarstjóra 13. mars sl. sagði forstöðumaður Salarins, Bjarni Haukur Þórsson upp störfum en bréf bæjarstjóra er svohljóðandi:
Ég vildi upplýsa ykkur um það að Bjarni Haukur Þórsson forstöðumaður Salarins hefur sagt starfi sínu lausu innan þess reynslutíma sem kveðið er á um í samningi hans. Forstöðumaður menningarmála hefur upplýst starfsfólk Salarins um ákvörðun Bjarna Hauks og óskað eftir því við Axel Ingi Árnason tónlistarmann og verkefnastjóra Salarins að hann verði staðgengill forstöðumanns fram að hausti, en þá standa vonir til að búið verði að ráða í starfið að nýju. Jafnframt munu Elísabet Indra Ragnarsdóttir verkefna- og viðburðarstjóri menningarmála og Vigdís Másdóttir kynningar- og markaðsstjóri menningarmála vera Axel Inga innan handar í starfsemi Salarins við verkefnaval og kynningarmál auk þess að afla nýrra viðburða og tækifæra fyrir Salinn. Í kjölfar þessara breytinga hef ég ákveðið að setja saman starfshóp Salarins sem verður kynntur síðar.

Forstöðumaður menningarmála hefur fylgt þessu erindi bæjarstjóra eftir og sett Axel, Elísabetu Indru og Vigdísu inn í tímabundnar breytingarnar á starfsemi Salarins. Starfshópur hefur ekki verið skipaður.

BÓKASAFN OG NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Verklegar framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun og stefnt er að opnun 11.maí.

HÉRAÐSSKJALASAFN



Þann 1. apríl nk. munu eftirfarandi verkefni og safnkostur fara yfir til og verða á ábyrgð Þjóðskjalasafns Íslands

- Rafræn skil
- Rafrænn safnkostur
- Pappírsskil
- Eftirlit og ráðgjöf

Starfsmenn skjaladeildar Kópavogs og ÞÍ eru að undirbúa þessa yfirfærslu og stór kynningarfundur verður haldinn fyrir alla starfsmenn Kópavogsbæjar eftir páska.

ÞÍ hefur óskað eftir afstöðu Kópavogsbæjar til þess hvort einkaskjalasöfn verði afhent um leið og annar safnkostur Héraðskjalasafnsins. Sérfræðingar þar og Hrafn eru þeirra skoðunar að betur fari á því að allur safnkosturinn sé afhentur.

Ákvörðun bæjarstjórnar var hins vegar að finna einkaskjalasöfnunum stað innan stofnana Kópavogs og mun bæjarlögmaður ræða þann möguleika betur við ÞÍ og kynna fyrir bæjarstjórn ef niðurstaða þeirra viðræðna verður að ekki verði hægt að halda þessum hluta safnsins eftir hjá Kópavogsbæ.

Staðan 6. mars 2024

Bæjarstjóri Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarritari Pálmi Þór Músson og bæjarlögmaður Ása Arnfríður Kristjánsdóttir fara yfir stöðu mála á fundinum. Soffía Karlsdóttir tók niður eftirfarandi punkta:

Bæjarstjóri: Komin er ró yfir starfsemi menningarhúsanna eftir breytingarnar en þær reyndust í upphafi nokkuð erfiðar hjá starfsfólki og pólitískum fulltrúum, sem aðallega byggðist á misskilningi. Nú rkir bjartsýni og eftirvænting um það sem koma skal. Komin mynd á fyrstu hæð bókasafnsins og ráðningar fullkláraðar. Stefnum á að opna 11.maí. Í Salnum stóð til að stofna samstarfshóp en þar sem forstöðumaður hætti var ákveðið að fela nýjum forstöðumanni að vera með í ráðum um hvernig skipan starfshópsins yrði háttað og það yrði gert í samráði við pólitíska fulltrúa. Gögn og rannsóknir Náttúrufræðistofu hafa verið flutt í Hafró í samstarfi við fyrrum starfsmenn Náttúrufræðistofu og stjórnendur Hafró. Í ljós kom að safngögn voru illa skráð og Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður er að vinnna að því að bæta það. Hún fékk 3 mj. króna styrk frá Safnaráði til að klára það. Áætlaður kostnaður vegna breytinganna er 70 mj króna og rekstrarkostnaður lækkar um 48 mj.

Bæjarritari: Ása og Pálmi hafa verið að vinna að lokun Héraðsskjalasafns eftir að það var ákveðið af bæjarstjórn. Við breytingarnar færist ábyrgðin af Héraðsskjalasafni á Þjóðskjalasafn. Ákveðið var að leyfa þeirri vinnu að þróast og ekki raska núverandi starfsemi safnsins meira en nauðsynlega þyrfti. Við höfum að taka á móti skjölum frá stofnunum þar til línur skýrðust. Safnið er komið að þölmörkum hvað geymslupláss varðr. Einstaka leikskólar hafa þó fengið að skila inn gögnum í Héraðsskjalasafn.

Bæjarlögmaður: Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við Þjóðskjalavörð og aðstoðarþjóðskjalavörð sem eru öll mjög hjálpleg og fagleg. Samkvæmt áætlun færist Héraðsskjalasafn yfir til Þjóðskjalasafns 1. apríl. Við munum skila rafrænt til þeirra



og þeir veita okkur ráðgjöf. Skjaladeild stjórnsýslusviðs er tengiliður við Þjóðskjalasafnið. Þjóðskjalasafnið, bæjarritari og bæjarlögmaður verður með kynningarfund fyrir alla starfsmenn sem koma að skjalavörslu 20.mars. Á heimasíðu Þjóðskjalasafnsins verður settur upp hlekkur (líkt og nú er búið að gera fyrir borgarskjalasafn) þar sem hægt er að finna „spurt og svarað“. Stefnt er að því að fyrir 1.des 2025 verði allur safnkostur Héraðsskjalasafns farinn yfir til Þjóðskjalasafns. Mikið af gögnum – mikil vinna framundan í skráningu. Hrafn og Guðmundur starfsmenn Héraðsskjalasafns munu aðstoða við þessa yfirfærslu. Annar þessara starfsmanna hefur lýst yfir áhuga á að fylgja þessu starfi eftir hjá Þjóðskjalasafni en heimild er fyrir því hjá því að ráða starfsmann frá Héraðsskjalasafninu. Um er að ræða mjög stórt verkefni sem er mikið nákvæmisverk. Reynum okkar besta til að veita Héraðsskjalasafni liðsstyrk m.a. með einu stöðugildi í sumar og hugsanlega með vinnumarkaðsúrræði. Þann 1. apríl verða straumhvörf þegar formleg hefst eftirlit og rafræn skil af hálfu sveitarfélagsins. Þá getum við hafið verklegar framkvæmdir og breytt opnunartíma Héraðsskjalasafns verður breytt. En verður þó hægt að senda inn erindi. Lestrarsal verður líka lokað en aðgangur að safnkosti aðgengilegur skv. samkomulagi.

Á fundinum kom einnig fram að Sögufélagið á safngripi sem verða ekki fluttir burt og ekki unnið með strax. Hrafn hefur haft samband við Þjóðminjasafn vegna steina sem tilheyra því. Samtal þarf að eiga sér stað við Sögufélagið um áframhaldandi starfsemi og samstarf við menningarhúsin. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað verður um ljósmyndasafnið. Í bókun bæjarstjórnar sagði að einkaskjalasöfn yrðu eftir í bæjarfélaginu en strangt til tekið eiga þau líka heima í Þjóðskjalasafninu. En hægt yrði að fá aðgang að þeim til láns og til að halda sýningar. Þetta á þó eftir að skoða betur. Fram kom að flutningurinn sé innan fjárheimilda og einnig að niðurlagning Héraðsskjalasafns hafi ekki verið gerð í sparnaðarskyni, en ljóst var að byggja þyrfti nýtt safn til að hægt væri að starfrækja það áfram.

**Staðan 23.1. Kynning Brynju Sveinsdóttur**

Vísað er til kynningar Brynju Sveinsdóttur sem einnig má finna undir þessu málsnúmer í skjalinu *Staðan á Náttúrufræðistofa_lista- og menningarráð_23.01.24*

Staðan 2.október 2023**HÉRAÐSSKJALASAFN**

Þjóðskjalasafn hefur sent drög að áætlun um hvernig gögnin verða flutt yfir og munu innan tíðar fá fund með Héraðsskjalaverði til að skoða aðstæður og hvernig hægt er að taka á móti gögnunum.

SALURINN

Forstöðumaður Salarins sagði starfi sínu lausu frá og með 1. október. Auglýst hefur verið eftir nýjum forstöðumanni og rennur umsóknartími út 20. október. Hagvangur aðstoðar við úrvinnslu umsækjenda. Starfsmenn Salarins og forstöðumaður menningarmála taka yfir störf forstöðumanns meðan verið er að vinna úr umsóknum. Starfsemi ársins er meira og minna ákveðin og því á fjarvera forstöðumanns ekki að raska starfsemi. Birgir Jón Birgisson, einn af reyndari tækni- og upptökumönnum landsins var nýlega ráðinn tæknistjóri Salarins og hefur þegar tekið til starfa.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Forstöðumaður, Brynja Sveinsdóttir, hefur unnið að stefnumótun og kortlagningu á safneign Náttúrufræðistofu, ástandi á frágangi safneignar og skráningu til grundvallar fyrir skipulagningu starfsemi. Líkt og kemur fram í samantekt fyrir Safnaráð er mikið verk framundan í skráningu á safneign og frágangi í munageymslu. Forstöðumaður hefur stofnað ráðgjafanefnd Náttúrufræðistofu, sem skipuð er Jóhannes Bjarka Urbancic Tómassyni, líffræðingi hjá Umhverfisstofnun, og Snæbirni Guðmundssyni, jarðfræðingi hjá Náttúruinjasafni Íslands. Munu þeir vera til ráðgjafar við ráðningu náttúrufræðinga, við gerð nýrrar grunnsýningar og tryggja faglegt starf safnsins á sviði Náttúruvísinda. Forstöðumaður er í góðu samtali við Hilmar Malmqvist, forstöðumann Náttúruinjasafns Íslands, um starf safnsins og samstarf safnanna á milli.

Unnið hefur verið mótun á störfum tveggja lykilstarfsmanna í Náttúrufræðistofu sem verður auglýst eftir þegar svar hefur borist frá Safnaráði (fundur 9. október). Verður þá auglýst eftir sérfræðingi á sviði náttúruvísinda sem mun annast safneign, skráningu og hafa yfirumsjón með grunnsýningu safnsins. Einnig verður auglýst eftir verkefnastjóra fræðslu og viðburða, sem er með sérfræðipækkingu á sviði náttúruvísinda. Sá verkefnastjóri verður í nánú samstarfi við verkefnastjóra fræðslu og viðburða í Gerðarsafni, Þorgerði Þórhallsdóttur, þar á meðal við öndvegisverkefnið Náttúran í gegnum augu myndlistar (sem söfnin tvö hlutu 10.000.000 frá Safnasjóði fyrir). Á Náttúrufræðistofu er núþegar starfandi Júlía Kristín Kristinsdóttir, jarðeðlisfræðinemi, sem er í móttöku og miðlun. Hún heldur utan um kynningarmál fyrir Náttúrufræðistofu en í sumar mótaði hún í samstarfi við forstöðumann stefnu í kynningarmálum sem gefur faglega en aðgengilega innsýn inn í grunnsýningu og safneign Náttúrufræðistofu. Júlía Kristín tekur einnig á móti gestum og er með leiðsagnir fyrir skólahópa. Forstöðumaður hefur unnið að endurmótun á starfsemi



starfsmanna Gerðarsafns til að styrkja grunnteymið sem starfar með bæði söfnin. Þá má helst nefna Cecilie Gaihede, sem er verkefnastjóri safneigna, og mun hafa yfirumsjón með skráningarátaki og forvörslu náttúruminja samhliða umsjón á safneign Gerðarsafns.

Forstöðumaður hefur unnið að frágangi í rannsóknarstofu með Finni Ingimundarsyni. Þar er enn mikið verk að höndum að skipuleggja frágang sýna og gagna tengt rannsóknarverkefnum. Forstöðumaður vinnur að því að koma sýnum í vörslu viðeigandi stofnunar, þá líkast til Náttúruminjasafns Íslands eða Náttúrufræðistofnun Íslands í samtali við Finn Ingimundarson.

BÓKASAFN

Aukin sjálfsafgreiðsla á Bókasafni Kópavogs

Verkefninu má í raun skipta í þrennt:

1. Þjónusta á vef
2. Þjónusta í sjálfsafgreiðsluvélum
3. Bókabox í Vallakór

Verkefnin þrjú verða tekin í nokkrum áföngum. Í fyrsta áfanga verður þjónusta á vef unnin og er sú vinna í gangi hjá Wise, en bærinn hefur gert samning við það fyrirtæki um að vinna með okkur. Aukin þjónusta verður bæði á vefsíðu bókasafns og einnig í þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hægt verður að:

- Greiða sektir í gegnum island.is
- Stofna lánþegaskírteini og/eða greiða árgjald í gegnum island.is
- Flýtleið til að breyta pin númeri lánþegakorts
- Fá rafrænt lánþegaskírteini

Áætlað er að þessari vinnu ljúki á næstu 2-3 vikum.

Bókasafn
Kópavogs

Innskráning



Bókasafn Kópavogs

Kaupa kort

Bókasafnskort Kópavogsbæjar gildir í eitt ár frá útgáfu þess. Það veitir handahafa möguleika á því að leigja bækur á bókasafni Kópavogs.

Kaupa


Greiða sekt

Einstaklingar geta greitt upp sektir vegna vanskila útláns bóka með því að smella á takkan hér fyrir neðan. Gjaldskrá dagsekt má lesa á heimasíðu.

Borga

Þegar fyrsta áfanga er lokið verður farið í að koma þessum nýju möguleikum í nýjar sjálfsafgreiðsluvélar sem eru komnar til okkar en ekki enn komnar í gagnið. Fundur með Bibliotheca, fyrirtækinu sem seldi okkur vélarnar, er áætlaður 12. október næstkomandi þar sem farið verður yfir þörfina okkar og vonandi fundin lausn hvernig hægt að setja þessa viðbótarmöguleika (greiða sektir, stofna skírteini o.s.frv.) í vélarnar.

Í loka áfanga verður síðan bókabox, sem einnig var keypt af Bibliotheca, sett upp í Vallakór (glerhúsinu þar sem Krónan er). Bókaboxið virkar eins og póstbox, lánþegar geta pantað bækur á netinu í gegnum leitir.is og síðan sótt í bókaboxið.



**Staðan 4. september 2023**

Almennt má segja að breytingarnar séu að festa sig í sessi og að sátt um þær ríki meðal starfsmanna. Mikilvægt er að viðhalda þeirri stöðu og vinna að því að endurvekja hina jákvæðu og góðu ímynd sem menningarstarfið í bænum hefur haft.

HÉRAÐSSKJALASAFN

Bæjarritari og bæjarlögmaður hafa verið í samtali við Þjóðskjalasafn. Þjóðskjalasafn er að vinna að aðgerðaráætlun fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs sem byggir á aðgerðaráætlun Borgarskjalasafns. Aðgerðaráætlunin verður kynnt lista- og menningarráði þegar hún liggur fyrir. Tveir af þrír starfsmönnum Héraðsskjalasafns gegna enn þá sínum störfum en þriðji aðilinn hefur verið ráðinn til Þjóðskjalasafnsins.

NÁTTÚRUFRAÐISTOFA

Verið er að endurskoða samþykktir Náttúrufræðistofu í kjölfar breytinganna og verða þær lagðar fyrir lista- og menningarráð þegar þær liggja fyrir. Verið er að ljúka formlegum viðræðum við HAFRÓ um yfirtöku á tækjum og gögnum frá Náttúrufræðistofu. Tveir starfsmenn Náttúrufræðistofu eru komnir til starfa hjá HAFRÓ og sinna þar áfram þeim störfum, eða sambærilegum og þeir gegndu hjá Náttúrufræðistofu.

Forstöðumaður Náttúrufræðistofu er að vinna að greinargerð fyrir Safnaráð vegna fyrirspurnar þess um stöðu á verkefnum sem Safnaráð hefur styrkt nú þegar. Greinargerðin verður einnig afhent lista- og menningarráði. Einnig er verið að setja saman ráðgjafanefnd sérfræðinga í náttúruvísindum fyrir safnið sem mun vera til ráðgjafar um stefnu safnsins, starfslýsingar, sýningar og miðlun. Ljóst er að mikið verk er óunnið í skráningu á safnkosti Náttúrufræðistofu en skráning gripa er forsenda rannsókna á safneigninni. Því liggur fyrir að skipuleggja skráningu á munum og koma gripum fyrir í viðunandi geymslu. **Í starfsemi safnsins verður lögð áhersla á að horfa til upphaflegs tilgangs safnsins sem er að efla náttúrulæsi, opna augu fólks fyrir umhverfinu og auka skilning og þekkingu grunnskólabarna á náttúruvísindum.**

SALURINN

Skipan starfshóps hefur ekki farið fram.

BÓKASAFNIÐ

Hagræðing meðal starfsmanna hefur að mestu verið framfylgt og endurskoðun starfslýsinga er í vinnslu.

Í maí var sjálfsafgreiðsla virkjuð á aðalsafni alla virka daga kl. 8:00-10:00 og er engin þjónusta í boði þá. Verið er að vinna með forstöðumanni UT samningi við Wise um grunnlausn fyrir sjálfsafgreiðslu á greiðslu sekta, kaupum og endurnýjun korta og breytingu á PIN númeri korta. Hugmyndin er að þetta verði hægt í sjálfsafgreiðslustöðvum bókasafnsins, á þjónustuvef sveitarfélags og/eða á vef bókasafna með single-sign on frá mismunandi dreifleiðum. Áætlað er að hægt verði



að hefja prófanir í september. Í fasa 2 sem áætlað er að geti komið út fyrir áramót er ætlunin að foreldrar geti framkvæmt allar þessar aðgerðir fyrir hönd barna sem eru í þeirra forsjá. Meðan þessi vinna er í undirbúningi verður bið á því að nýjar sjálfsafgreiðsluvélar verði teknar í gagnid.

Sjálfsafgreiðslukassi verður settur upp í fordyri Krónunnar í Vallakór í september.

Virðingarfyllst,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála